

Alþingi við Austurvöll
Umhverfis- og skipulagsnefnd
150 Reykjavík

13. desember 2013

Fyrir þinglok vorið 2013 voru sett ný lög um náttúruvernd sem taka eiga gildi 1. apríl 2014. Nýju lögin fela í sér verulegar réttarfarslegar bætur. Umhverfissráðherra hefur nú lagt fram frumvarp á Alþingi um brottfall nýju laganna, að þau taki ekki gildi.

Tvö mikilvæg atriði

Í fyrsta lagi voru meginreglur umhverfisréttarins, varúðarreglan og greiðslureglan, innleiddar með nýju lögunum. Varúðarreglan felur í sér að „Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.”

Í öðru lagi, í nýju lögunum er ákvæði (57. gr.) um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja eins og

- a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 10.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,
- b. birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga, svo og leifar slíkra skóga.

Ath! Varðandi túlkun á 57. gr. nýju laganna, skal tekið fram Náttúruverndarsamtök Vestfjarða leggja gegn því ákvæði greinarinnar sem tilgreint er hér í lið b) ef það ber að skilja svo að það standi í vegi fyrir vegalagningu um Teigsskóg á Barðaströnd eða öðrum mikilvægum vegabótum á Vestfjörðum.

Ennfremur, njóta sérstakrar verndar:

- a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,

- b. fossar og umhverfi þeirra í allt að 200 metra radius frá fossbrún,
- c. hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Orðalag nýju laganna er mun skýrara og afdráttarlausara en í gömlu lögunum frá 1999 um náttúruvernd. Í staðinn fyrir „*skal forðast röskun þeirra eins og kostur er*” segir í nýju lögunum: „*Óheimilt er að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.*”

Þarna munar miklu og hafa framkvæmdaaðilar, Samál, Samorka og Landsvirkjun, lagst mjög gegn þessari breytingu.

Orðalag gömlu laganna: „..... *skal forðast röskun þeirra eins og kostur er*” hefur reynst haldlaust. Framkvæmdaaðilar og leyfisveitendur hafa að sjálfsögðu haldið því fram að reynt hafi verið að forðast náttúruspjöll eins og kostur en 37. gr. gildandi laga hefur í reynd veitt þeim sjálfðæmi um hvaða skilning ber að leggja í orðin ***eins og kostur er***.

Náttúruverndarsamtök Vestfjarða furða sig á þeim rökum umhverfis- og auðlindaráðherra að of mikill kostnaður fylgi nýjum lögum um náttúruvernd. Samtökin benda á eftirfarandi:

Um kostnað

Í viðtali við Morgunblaðið þann 16. september 2013 sagði Sigurður Ingi Jóhannsson:

„Einfalda svarið er að við getum tekið við fleira fólki, en við þurfum að fara í uppbyggingu, fjárfesta víða um land og fjölga ferðamannastöðum,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfis- og auðlindaráðherra um mikla fjölgun ferðamanna og spár um að svo verði áfram. Ferðaþjónusta kemur með margvíslegum hætti inn á borð ráðherra, en málaflokkar sem heyra undir ráðuneytið eru margir og mismunandi. Nefna má umhverfismál, skipulagsmál, byggingamál, orkumál, þjóðgarða, skógrækt, landgræðslu og rannsóknir á lífríki í ám og vötnum svo fátt eitt sé nefnt.

Ráðherra var spurður hvort vaxandi ferðamannastraumur ógnaði íslenskri náttúru og hvort Ísland væri að verða „uppselt“. „Þessi hraði vöxtur hefur leitt í ljós að við vorum ekki tilbúin til að taka á móti öllum þessum fjölda,“ segir Sigurður,

Ef eitthvað er að marka þessi orð umhverfis- og auðlindaráðherra er ljóst að menn geta ekki lagt fyrir sig fjárútlát til viðhalds á dýrmætum náttúrusvæðum. Slík rök gegn nýjum lögum um náttúruvernd eru einfaldlega ekki boðleg. Íslensk náttúra er sú auðlind sem dregur

ferðamenn hingað til lands. Viðhald og verndun dýrmætrar náttúru verða ekki skorin við nögl standi vilji stjórnvalda til að koma í veg fyrir eyðileggingu eftirsóttra ferðamannastaða.

Náttúruverndarsamtök Vestfjarða standa vörð um landssvæði sem í æ meiri mæli reiða sig á þær tekjur sem síaukinn straumur ferðamanna færir íbúum Vestfjarða. Að mati samtakanna er afar brýnt að stjórnvöld horfi ekki í aurinn þegar náttúruvernd er annars vegar. Í því samhengi eru 105,5 milljónir króna árlega ekki há upphæð.

Náttúruverndarsamtök Vestfjarða óska eftir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd um þetta mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Náttúruverndarsamtaka Vestfjarða,

Þórhallur Arason.